

Umhverfis- og samgöngunefnd,
Nefndasvið Alþingis
Alþingi v/Austurvöll
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 143/886
komudagur 23.1.2014

Garðabær, 21. janúar 2014
2014010008/42-1-0
TB
jgo/tb

Tillaga til þingsályktunar um flutning á stjórnarsýslu hreindýramála, 202. mál , umsögn

Vísað er til bréfs/tölvupósts frá umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, dags. 6. janúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar, 202. mál, um flutning stjórnarsýslu hreindýramála til hreindýraráðs.

Náttúrufræðistofnun telur ekki að framangreind tillaga til þingsályktunar sé til bóta við stjórnarsýslu veiðimála hvort sem það lítur að fræðilegum bakgrunni eða almennri stjórnun á veiði hreindýra. Tillagan virðist frekar leiða til dreifingu og óhagkvæmni við stjórnun veiðimála og að verið sé að stofna örstofnun um mjög takmarkað svið innan almennrar veiðistjórnunar. Náttúrufræðistofnun telur eðlilegt og ekkert því til fyrirstöðu, þó stjórn veiðimála heyri undir Umhverfisstofnun, að starfskraftar á svæðinu séu nýttir eins og kostur er enda það gert t.d. með aðkomu Náttúrustofu Austurlands, leiðsögumanna af svæðinu og starfsmanni Umhverfisstofnunar. Hvort þetta megi bæta hefur Náttúrufræðistofnun ekki sérstaka skoðun á. Náttúrufræðistofnun telur ekki að núverandi fyrirkomulag stjórnarsýslu hreindýramála þurfi að lengja boðleiðir árið 2014 heldur sé það frekar vinnulag ef svo er og getur þá verið sama hvert fyrirkomulag stjórnarsýslunnar er ef ekki er haldið rétt á málum.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson
forstjóri



Trausti Baldursson

